



Borgarráð
b.t. Björns Blöndals, formanns borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Tillögur ofbeldisvarnarnefndar um viðbrögð vegna gruns um mansal eða gruns um brot á 4. gr. laga nr. 85/2007 og tillögur um aukið samstarf eftirlitsaðila

Borgarráð samþykkti að fela ofbeldisvarnarnefnd, sbr. bréf dags. 22. júlí 2016, að setja verklagsreglur um viðbrögð vegna gruns um mansal og broti á 4. gr. laga nr. 85/2007. Í bréfinu var einnig óskað eftir tillögum frá nefndinni um aukið samstarf á milli eftirlitsaðila og eflingu þekkingar þvert á stofnanir. Þar sem öll þessi atriði eru samtvinnuð er þetta allt sett fram sem tillögur til borgarráðs.

Almennt

Hafi einhver vitneskju um mansal á höfuðborgarsvæðinu ber að tilkynna það til lögreglu. Vakni grunur um mansal er hægt að hafa samband við lögreglu eða stéttarfélög. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er með lögreglumann í starfi sem sinnir mansalsmálum. Einnig stendur til að Rauði krossinn setji upp viðbragðssíma vegna mansals og hefur hann fengið styrk frá ríkinu til að sinna því verkefni og til að standa að kynningarátaki um mansal.

Mikilvægt er að starfsfólk borgarinnar hafi augun opin fyrir mögulegum brotum og það felast tækifæri í því eftirlitshlutverki sem ýmis embætti borgarinnar gegna. Reykjavíkurborg hefur jafnframt skyldur gagnvart þeim einstaklingum sem grunur er um að brotið sé á, eigi brotin sér stað í Reykjavík.

Í þeim tillögum sem hér fara á eftir er annars vegar lögð áhersla á samstarf eftirlitsaðila og hins vegar á fræðslu til starfsfólks til að það sé betur í stakk búíð til að greina möglegt mansal og tilkynna það til lögreglu.

Tillögur ofbeldisvarnarnefndar:

Tillaga 1. Samráð/samstarf

Ofbeldisvarnarnefnd leggur til að sett verði á fót samráðssteymi sem byggi upp þekkingu á

mansali og broti á 4. gr. laga nr. 85/2007. Teymið bregðist við innan þess ramma sem ýmsum embættum, sem eiga fulltrúa innan þess, er gefinn í lögum og reglugerðum.

Í teyminu eigi sæti:

Fulltrúi byggingarfulltrúa
Fulltrúi heilbrigðiseftirlits
Fulltrúi Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins
Fulltrúi mannréttindaskrifstofu
Fulltrúi lögreglu
Fulltrúi vinnueftirlits
Fulltrúi innkaupa hjá Reykjavíkurborg
Fulltrúi velferðarsviðs

Fulltrúi mannréttindaskrifstofu leiði teymið. Í teyminu verði byggð upp þekking á mansali og því hlutverki sem hvert og eitt embætti gegnir. Komi upp einstök mál sem bregðast þarf við sé haft samband við formann teymisins. Formaður teymisins leggur mat á stöðuna og kallar þá til innan teymisins sem við á hverju sinni.

Tillaga 2. Teymi sem sinni einstaklingsmálum

Ofbeldisvarnarnefnd leggur til að velferðarsvið setji á fót teymi sem sinni einstaklingsmálum. Með einstaklingsmálum er átt við þjónustu við einstaklingana sem eru brotþolar. Einn fulltrúi í því sé jafnframt fulltrúi velferðarsviðs í samráðsteyminu.

Tillaga 3. Bakvakt

Ofbeldisvarnarnefnd leggur til að þjónusta/bakvakt verði til staðar allan sólarhringinn til að þjónusta brotþola mansals. Þegar eru bakvaktir í verkefninu *Saman gegn ofbeldi* og lagt er til að þær bakvaktir sinni einnig þessari þjónustu.

Tillaga 4. Verklagsreglur

Ofbeldisvarnarnefnd leggur til að samráðshópurinn og einstaklingsteymið setji sér verklagsreglur sem lagðar verði fyrir ofbeldisvarnarnefnd og borgarráð.

Tillaga 5. Fræðsla um mansal og efling þekkingar þvert á stofnanir

Ofbeldisvarnarnefnd leggur til að bakvaktarstarfsfólk, samráðsteymið, einstaklingsteymið, allir eftirlitsaðilar með veitingastöðum og félagsráðgjafar starfandi hjá borginni fái þá fræðslu um mansal sem Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborg og Starfsgreinasambandið hafa verið að veita ýmsum aðilum.

Í starfi teymanna beggja mun skapast þekking og stofnun þeirra og starf leiðir af sér aukið samstarf á milli eftirlitsaðila.


Tillaga 6. Samningar við ríkið

Ofbeldisvarnarnefnd leggur til að velferðarsviði sé falið að ganga strax til samninga við

velferðarráðuneytið vegna þjónustu við brotaþola mansals sem eiga ekki lögheimili í Reykjavík og/eða eru ekki með kennitölu. Þjónusta við brotaþola mansals getur í sumum tilvikum snúist um að útvega húsnæði. Kvennaathvarfið hefur verið notað fyrir konur en ekkert húsnæði er fyrir karla. Í sumum tilvikum þegar um konur er að ræða er athvarfið ekki hentugt. Húsnæðismál verði hluti af samningi við ráðuneytið.

Fyrir hönd formanns ofbeldisvarnarnefndar,

Halldóra Gunnarsdóttir



Reykjavík, 18. nóvember 2016
VEL2016110020
0.11.1

Skrifstofa borgarstjórnar
b.t. Bjarna Þóroddsonar
Ráðhúss Reykjavíkur

Umsögn velferðarsviðs um tillögur ofbeldisvarnarnefndar um viðbrögð vegna gruns um mansal eða gruns um brot á 4. gr. laga nr. 85/2007 og tillögur um auknið samstarf eftirlitsaðila.

Velferðarsvið hefur tekið til umræður tillögur ofbeldisvarnarnefndar og setur fram ábendingar varðandi eftirfarandi tillögur en lýsir ánægju með að verið sé að huga að þjónustu Reykjavíkurborgar við mansalsfórnarlömb.

Tillaga 3. Bakvakt:

Varðandi tillögu 3 um bakvakt þá er vakin athygli á að um er að ræða verkefni sem er viðbót við núverandi þjónustu sviðsins og því þarf að kostnaðarmeta þá tillögu eigi hún að ganga eftir. Bent er á að rétt sé að skoða fyrirkomulag slíkrar bakvaktar m.a. með mögulegri aðkomu bakvaktar í verkefninu ***Saman gegn ofbeldi.*** Einnig verður að huga að mögulegu samstarfi við ríki, samanber tillaga 4 og Bjarkahlíð – þjónustumiðstöð fyrir brotþola ofbeldis.

Tillaga 1. Samráð/samstarf:

Mikilvægt er að gera greinarmun á þeim málum sem færu á borð samráðsteymis og teymis sem sinna mun einstaklingsmálum. Sá skilningur er lagður í tillögurnar að samráðsteymið muni ekki sinna einstaklingsmálum heldur almennum málum sem upp koma og lúta að hópum einstaklinga. Jafnframt er vakin athygli á núverandi samráðsvettvangi innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis sem starfsmenn velferðarsviðs og mannréttindaskrifstofu eiga aðild að. Velferðarsvið tekur undir mikilvægi samráðs í þessum málaflokki en huga þarf að samráðsfyrirkomulaginu í heild sinni með tilliti til mörgulegrar skörunnar verkefna.


Tillag 2. Teymi sem sinnir einstaklingsmálum:

Unnið er að gerð erindisbréfs starfshóps sem velferðarsvið hefur ákveðið að setja á stofn til að sinna þeim einstaklingsmálum sem upp koma hjá íbúum Reykjavíkurborgar.

Tillaga 4. Samningar við ríkið:

Fyrirhugaður er fundur við velferðarráðuneytið vegna mögulegs samstarfssamnings. Velferðarsvið leggur jafnframt áherslu á aðkomu heilbrigðiskerfisins að mansalsmálum. Í Danmörku er m.a. góð reynsla af færanlegum heilbrigðisteymum sem fara á þá staði þar sem grunur leikur á að um kynlífsmansal sé að ræða.

Virðingarfyllst,


Kristjana Gunnarsdóttir,
skrifstofustjóri